

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

37. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018

Árið 2017, þriðjudaginn 28. febrúar. kl.13:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Anna Lind Ragnarsdóttir, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Birgir Ragnarsson í fjarveru Halldóru Pétusdóttur, Valgeir Scott, og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Oddviti bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. 15. Fundur skipulags og byggingarnefndar frá 10. febrúar.
2. 6. Fundur menningar og kynningarnefndar frá 3. febrúar.
3. Boðun XXXI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga
4. Niðurstaða Fjarskiptasjóðs vegna úthlutunar heimtengingastyrkja ljósleiðrara árið 2017.
5. Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis frá 10. feb.
6. Fundargerð stjórnar FV frá 16. febrúar.
7. Fundaráætlun sveitarstjórnar fyrir árið 2017.
8. Ósk um samstarf frá Ísafjarðarbæ vegna umsóknar í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga varðandi vinnu við að skoða samstarfs og sameiningarmöguleika á Vestfjörðum.
9. Fundargerð hafnarsambands Íslands nr. 392
10. Ósk um ársleyfi frá störfum sveitarstjórnar – Anna Lind Ragnarsdóttir.
11. Trúnaðarmál.
12. Önnur mál.

-
1. Fundargerðin lögð fram. Hér kemur Gunnar Páll Eyjólfsson inn á fundinn og fer yfir skipulags- og matslýsingu á heildarendurskoðun á aðalskipulagi sem nú er í vinnslu.

Fundargerðin samþykkt samhljóða, þar á meðal skipulags- og matslýsing á heildarendurskoðun aðalskiplagsins.

2. Fundargerðin lögð fram. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
3. Ákveðið að Pétur G. Markan, sveitarstjóri, verði fulltrúi sveitarfélagsins á landsþinginu.

4. Sveitarfélagið sendi inn tvær umsóknir í Fjarskiptasjóð þetta árið. Fékk synjun á báðar umsóknir. Frekari viðbrögð sveitarfélagsins verða kynnt á næsta fundi sveitarstjórnar.
5. Lagt fram til kynningar.
6. Lagt fram til kynningar.
7. Ákveðið að fastir fundir sveitarstjórnar verði á árinu 2017 annan fimmtudag í mánuði kl. 13.
8. Lögð fram ályktun Ísafjarðarbæjar frá síðasta bæjaráðsfundi sveitarfélagsins frá 27. feb. Þar er í 1. lið óskað eftir samstarfi Súðavíkurbrepps um að senda sameiginlega umsókn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í umsókninni er sótt um styrk vegna vinnu sem ætlað að leiða fram mögulega sviðsmynd við frekara samstarfs eða sameiningar sveitarfélaganna. Afrakstur vinnunnar verður síðan notaður af íbúum og sveitarstjórn til að taka ákvörðun um næstu skref.

Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps áréttar að á þessu stigi málsins er engin sérstakur vilji sveitarstjórnar til sameiningar sveitarfélaganna. Slíkt yrði alltaf unnið heilt í gegn og ákvarðað að íbúum sveitarfélagsins, hvort sem það er að ákveða viðræður, eða endanlega sameiningu. Við slíka umræðu og ákvörðunartöku þurfa að liggja fyrri faglegar og góðar upplýsingar um stöðu mála og hvernig möguleg þróun gæti litið út.

Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps hefur mikinn á áhuga á víðtækara samstarfi sveitarfélaganna og jafnvel samrekstri ýmissa verkefna sem eru á höndum sveitarfélaganna.

Það er ábyrgt og faglegt að skoða reglulega möguleika í kringum sveitarfélagið til að efla það, auka þjónustu og velferð við íbúana.

Afurð þessarar vinnu verður notuð til þess að rýna í þessa möguleika alla.

Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps samþykkir samhljóða að sækja um þennan styrk til jöfnunarsjóðs í samfylgd með Ísafjarðarbæ.

Sveitarstjórn ákveður einnig að halda veglegan íbúafund þegar vinnunni er lokið til að kynna niðurstöðuna fyrir íbúum.

9. Fundargerðin lögð fram.
10. Anna Lind Ragnarsdóttir leggur fram bréf þar sem hún óskar eftir leyfi frá störfum. Samþykkt samhljóða. Næsti maður inn verður Steinn Ingi Kjartansson.
11. Fært í trúnaðarbók.
12. Önnur mál. Fundargerðir sveitarstjórnar nr. 35 og nr.36 uppfærðar þar sem gleymdist að bóka Önnu Lind Ragnarsdóttur út af fundum undir umræðum um sérreglur vegna byggðakvóta 2016 – 2017. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:30

**Anna Lind Ragnarsdóttir
oddviti**

Valgeir Scott

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Birgir Ragnarsson

Pétur G. Markan, sveitarstjóri